

Fundargerð 468. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, föstudaginn 6. desember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Gréta Mar Jósepsdóttir, sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 467. fundar - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 467. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 11. nóvember 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Farþegaskip - innviðagjöld - 2409002HA

Stjórnin ræddi um næstu skref varðandi ákvörðun Alþingis um innviðagjöld og áhrif þess á skipakomur. Slíkar ákvarðanir geta haft áhrif á framtíðarsölu ferða til Íslands. Nauðsynlegt er að fara vandlega yfir málin í samráði við nýjan ráðherra. Mikilvægt er að finna lausn sem viðheldur tekjum hafna á landsbyggðinni og tryggir tekjur til innviðauppbýggingar. Stjórn Hafnasambandsins telur mikilvægt að málið verði útfært með höfnum landsins.

3. Helstu verkefni og stefnumörkun - 2211001HA

Afgreiðslu frestað fram yfir áramót og nefndarmönnum falið að yfirfara drögin.

4. Afmörkun og skilgreining hafnasvæða - 2412001HA

Í lok árs 2025 ber öllum höfnum að hafa skilað til Innviðaráðuneytis uppfærðum hafnarreglugerðum sem taka mið af breytingu á afmörkun hafnasvæða á sjó. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem mun fara yfir afmörkun hafnasvæða og leggja fram tillögur að næstu skrefum.

5. Umhverfismál og mengunarbúnaður - 2412001HA

Kallað hefur verið eftir því við Umhverfisstofnun að sú stefnumörkun sem farið var í fyrir nokkrum árum verði innleidd varðandi uppsetningu á réttum búnaði í öryggishöfnum.

Nauðsynlegt er að tryggja viðeigandi búnað til mengunarvarna á höfnum landsins og er það mikilvægt skref til að styrkja viðbragðsgetu og auka öryggi á hafnarsvæðum.

Fundi var slitið kl. 12:45